

Nefndarsvið Alþingis
B.t. Atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. mars 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99-1993, með síðari breytingum (endurskoðun samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar og verðjöfnunargjöld)

Óskað var eftir umsögn Landssamtaka sauðfjárbænda um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993, með síðari breytingum. Stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda hefur farið yfir efni frumvarpsins og vilja koma eftirfarandi á framfæri.


Þann 11. Janúar 2019 var skrifað undir samkomulag um endurskoðun á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktarinnar. Samkomulagið er niðurstaða viðræðna sem hófust 20. ágúst 2018. Markmið samkomulagsins er m.a. að stuðla að auknu jafnvægi framboðs og eftirspurnar á markaði með sauðfjárafurðir, auka frelsi sauðfjárbænda og að auðveldara verði að takast á við sveiflur í ytra og innra umhverfi greinarinnar. Með þessu frumvarpi er lagt til að leiddar séu í lög breytingar sem byggja á samkomulaginu.

Í kosningu meðal félagsmanna Landssamtaka sauðfjárbænda og Bændasamtaka Íslands var samkomulagið samþykkt með 68,12% atkvæða. 30,24% höfnuðu samkomulaginu og 1,64% tók ekki afstöðu. Alls greiddu 1.035 atkvæði en 2.297 voru á kjörskrá.

Landssamtök sauðfjárbænda styðja að frumvarpið verði samþykkt.

Landssamtök sauðfjárbænda telja að flýta verði eins og unnt er að koma til framkvæmda ákvæði um aðlögunarsamninga í 7. gr. Aðlögunarsamningar fela í sér að bændur fækki bústofni. Til að ákvæði 7. gr. hafi raunhæfa möguleika á að ná virkni á þessu ári þurfa bændur að taka ákvarðanir mun fyrr en við fyrirhugaða gildistöku þann 1. september næstkomandi. Þá er að jafnaði búið að kosta fóðuröflun fyrir komandi vetur út frá ákveðnum forsendum um fjölda búfjár. Skynsamlegast væri því að ákvæði 7. gr. öðluðust gildi þegar við lögfestingu frumvarpsins.

Virðingarfyllt,
f.h. Landssamtaka sauðfjárbænda



Oddný Steina Valsdóttir
Formaður